

Samræmd móttaka flóttafólks- Kostnaðarlíkan

Útgefið: Apríl 2022

Efnisyfirlit

Samantekt	1
Breyting frá líkani útg. í mars 2020	2
Kostnaðarlíkanið	3
Hlutföll milli hópa	4
Kostnaður pr. hóp	4
Fjöldi stöðugilda	4
Forsendur líkansins	5
Forsendur – Félagsráðgjöf	5
Einstaklingur	5
Hjón	5
Börn	6
Forsendur – Sérstök umsýsla	6
Einstaklingur eða hjón án barna	7
Sérstök umsýsla pr. barn	7
Forsendur – Húsnæði	7
Uppgjör	8

Samantekt

Kostnaðarlíkanið tekur tillit til og áætlar tíma fyrir vinnu sem er umfram lögbundna þjónustu hjá sveitarfélögum. Hérna er um að ræða umfram vinnu í tengslum við félagsráðgjöf, sem getur verið ráðgjöf, virkni og önnur aðstoð, sérstaka umsýslu vegna flóttafólks, sérstakrar umsýslu vegna barna og svo öflun húsnæðis.

Líkanið skiptist í tvo megin hópa, aðstoð við fólk sem er komið til landsins og leitar eftir alþjóðlegri vernd og svo kvótaflóttafólk. Það hefur sýnt sig að það fólk sem er þegar komið til landsins hefur ákveðið forskot og er komið lengra en kvótaflóttafólk og því þótti ástæða til að aðgreina þetta tvennt.

Síðan er hvorum hópi fyrir sig skipt niður eftir því hvort um einst. eða hjón sé að ræða og síðan upplýsingar um pr. barn.

Breyting frá líkani útg. í mars 2020

Nýtt líkan skiptist í fjölda einstaklinga (með/án barna) og fjöldi hjóna (með/án barna) og síðan fjölda barna. Líkan í mars 2020 gerði ráð fyrir föstum tímum vegna barna. Þannig var sama fjárhæð greidd ef um eitt barn eða 8 börn var að ræða í einni fjölskyldu. Þessu hefur nú verið breytt og er greidd fjárhæð pr. barn.

Tímum er fjölgað fyrir sérstaka umsýslu og félagsráðgjöf/virkniúrræði fyrir kvótaflóttafólk. Einnig eru gerðar breytingar á launatengdum gjöldum, þau eru lagfærð úr 30% í 25%. Síðan er bætt við 0,8% í vegna fræðslu sem eru 2 dagar á ári.

Auk þess er tekið tillit til breytinga á kjarasamningum vegna styttingu vinnuvikunnar. Það hefur áhrif á útreikning stöðugilda pr. mál.

Yfirlit: Breytingar á líkani frá mars 2020 til apríl 2022		
1. liður	Greitt pr. barn	Greitt er pr. barn í stað einnar fjárhæðar fyrir barn/börn óháð fjölda
2. liður	Heildarbreyting á líkaninu, samanburður við eldra líkan	
	a. Viðbót við Sérstaka umsýslu	
	2 klst.	Útvega rafræn skilríki/Íslykil og þjónusta
	3 klst.	Útvega húsbúnað og finna húsnæði
	1 klst.	Útvega grunnpakka fyrir skólann, skólatöskur, pennaveski, íþróttaföt
	b. Viðbót við viðtöl, ráðgjöf, virkni hjá kvótaflóttafólki	
	2 viðtöl = 3 klst.	Einst. kvótaflóttafólk
	2 viðtöl = 3 klst.	Hjón kvótaflóttafólk
	c. Launatengd gjöld og stytting vinnuvikunnar	
	Virkar vinnustundir	Stytting vinnuvikunnar bættist við skv. kjarasamningi
	30% -> 25%	Launatengd gjöld lækkuð úr 30% í 25%
	0,8%	Bætt við 2 dögum á ári í fræðslu
3. liður	Nánari sundurliðun: Laun og launatengd gjöld	
	Laun pr. klst.	Uppfærð m.v. launatöflu 1. janúar 2022
	Virkar vinnustundir	Stytting vinnuvikunnar bættist við skv. kjarasamningi
	30% -> 25%	Launatengd gjöld lækkuð úr 30% í 25%
	0,8%	Bætt við 2 dögum á ári í fræðslu

Kostnaðarlíkanið

Kostnaðarlíkan - Niðurstaða Hópur					Samtals 3 ár		
	Ár 1	Ár 2	Ár 3	Samtals	Klst.	% hlutf.	Kostn.
<u>Alþjóðleg vernd - Komin til landsins</u>							
Einst. án barns - Alþjóðleg vernd	1,00	1,00	1,00	1,00	116	6,20%	792.538
Hjón án barns - Alþjóðleg vernd	1,12	1,17	1,00	1,11	129	6,89%	881.357
Pr. barn - Alþjóðleg vernd	0,13	0,11	0,06	0,11	13	0,69%	88.819
<u>Kvótaflóttafólk - Ekki komin til landsins</u>							
Einst. án barns - Kvótaflóttafólk	1,27	1,11	1,00	1,19	138	7,37%	942.847
Hjón án barns - Kvótaflóttafólk	1,39	1,28	1,00	1,30	151	8,07%	1.031.666
Pr. barn - Kvótaflóttafólk	0,18	0,11	0,06	0,15	17	0,91%	116.148

Kostnaðarlíkan - Niðurstaða Hópur	Ár 1			Ár 2			Ár 3		
	Klst.	% hlutf.	Kostn.	Klst.	% hlutf.	Kostn.	Klst.	% hlutf.	Kostn.
<u>Alþjóðleg vernd - Komin til landsins</u>									
Einst. án barns - Alþjóðleg vernd	71	3,79%	485.088	27	1,44%	184.470	18	0,96%	122.980
Hjón án barns - Alþjóðleg vernd	79,5	4,25%	543.162	31,5	1,68%	215.215	18	0,96%	122.980
Pr. barn - Alþjóðleg vernd	9	0,48%	61.490	3	0,16%	20.497	1	0,05%	6.832
<u>Kvótaflóttafólk - Ekki komin til landsins</u>									
Einst. án barns - Kvótaflóttafólk	90	4,81%	614.900	30	1,60%	204.967	18	0,96%	122.980
Hjón án barns - Kvótaflóttafólk	98,5	5,26%	672.974	34,5	1,84%	235.712	18	0,96%	122.980
Pr. barn - Kvótaflóttafólk	13	0,69%	88.819	3	0,16%	20.497	1	0,05%	6.832

Fjölskyldusameining:

Ef fullorðnir einstaklingar eru að koma vegna fjölskyldusameiningar þá er valin viðeigandi fjölskyldugerð skv. líkaninu hér fyrir ofan vegna þeirra. Sá aðili sem er þegar komin til landsins heldur áfram í þeim hóp sem hann tilheyrði í upphafi.

Þegar einungis börn eru að koma vegna fjölskyldusameiningar þá eru áætlaðir viðbótar tímar pr. barn skv. töflunni hér fyrir neðan.

Fjölskyldusameining - Ef börn					Samtals 3 ár		
	Ár 1	Ár 2	Ár 3	Samtals	Klst.	% hlutf.	Kostn.
Pr. barn sem kemur eftir á	0,19	0,15	0,06	0,16	18,5	0,99%	126.396
Pr. fullorðin aðila sem kemur eftirá, greitt skv. alþj.vernd hér fyrir ofan, annaðhvort einst. eða hjón							

Fjölskyldusameining - Ef börn	Ár 1			Ár 2			Ár 3		
	Klst.	% hlutf.	Kostn.	Klst.	% hlutf.	Kostn.	Klst.	% hlutf.	Kostn.
Pr. barn sem kemur eftir á	13,5	0,72%	92.235	4	0,21%	27.329	1	0,05%	6.832
Pr. fullorðin aðila sem kemur eftirá, greitt skv. alþj.vernd hér fyrir ofan, annaðhvort einst. eða hjón									

Hlutföll milli hópa

Grunnurinn að hlutföllum milli fjölskyldugerða er hópurinn „Einst. án barns – Alþjóðleg vernd“. Þar er áætluð umfram vinna alls 71 klst. fyrir ár 1, 27 klst. fyrir ár 2 og 18 klst. fyrir ár 3.

Dæmi 1: Fyrir „Einst. án barns – Alþjóðleg vernd“ er umfram vinna áætluð 71 klst. fyrir ár 1, fyrir „Einst. án barns – Kvótaflóttafólk“ er umfram vinna áætluð alls 90 klst. fyrir ár 1 og þar með eru hlutföllin milli þessara tveggja hópa 1,27 ($=90/71$) fyrir ár 1.

Kostnaður pr. hóp

Kostnaður/Laun eru reiknuð m.v. 14 launafl., 4. þrep., skv. launatöflu 1. janúar 2022. Skv. kjarasamningi FÍ og ríkisins frá 2. apríl 2020. Þá voru laun alls 741.460 kr.

- Launatengd gjöld eru 45,8%. Tekið tillit til orlofs og stjórnunarkostnaðar hér inni ásamt launatengdum gjöldum.
 - o Launatengd gjöld 25%
 - o Orlof 12%
 - o Stjórn.kostnaður 8%
 - o Fræðsla 2 dagar á ári 0,8%
- Notað er tímakaup í dagvinnu til að reikna kostnað pr. hóp á ári
 - o Tímakaup í dagvinnu er 0,632% af mánaðarlaunum, sem er 6.832 kr./klst.
($6.832,23=741.460*1,458*0,632\%$)

Dæmi 1: Fyrir „Einst. án barns – Alþjóðleg vernd“ er umfram vinna áætluð 71 klst. fyrir ár 1. Kostnaður pr. klst. er 6.832 kr. og það margfaldað saman gefur alls kostnað kr. 485.088 fyrir ár 1 ($=71*6.832,23$).

Fjöldi stöðugilda

Til að reikna fjölda stöðugilda út frá fjölda vinnustunda í líkaninu þá er lagt til að notaðar séu virkar vinnustundir pr. mánuð.

Þá er búið að draga frá matartíma (35 mín.) og taka tillit til styttingar vinnuvikunnar (13 mín.) sem kom inn í samningunum árið 2020.

Fjöldi virkra vinnustunda er 156 klst./mán. Það uppreiknað yfir í ár er 1.872 klst./ár.

- Virkar vinnustundir pr. dag = 7,2 ($= 8 - 13/60 - 35/60$)
- Virkar vinnustundir pr. mán. = 156 = 7,2 * 21,6667 (vinnudagar í mán.)

Forsendur líkansins

Neðangreind tafla sýnir áætlaðan tíma pr. fjölskyldugerð eftir því hvort um alþjóðlega vernd eða kvótaflóttafólk er að ræða.

Tímarnir skiptast í þrjá hluta, félagsráðgjöf, sérstaka umsýslu og húsnæði. Nánari skýring á forsendum hvers hlutar er hér í næstu köflum. Við lestur á skýringum á forsendum líkans getur verið ágætt að hafa eftirfarandi töflu til viðmiðunar.

Kostnaðarlíkan	Ár 1			Ár 2			Ár 3			Samtals 3 ár			3 ár
	Félagsráðgjöf	Sérstök umsýsla	Húsnæði	Félagsráðgjöf	Sérstök umsýsla	Húsnæði	Félagsráðgjöf	Sérstök umsýsla	Húsnæði	Félagsráðgjöf	Sérstök umsýsla	Húsnæði	Samtals klst.
Hópur													
Alþjóðleg vernd - Komin til landsins													
Einst. án barns - Alþjóðleg vernd	33	17	21	27	0	0	18	0	0	78	17	21	116
Hjón án barns - Alþjóðleg vernd	41	17	21	32	0	0	18	0	0	91	17	21	129
Pr. barn - Alþjóðleg vernd	3	6	0	3	0	0	1	0	0	7	6	0	13
Kvótaflóttafólk - Ekki komin til landsins													
Einst. án barns - Kvótaflóttafólk	33	36	21	30	0	0	18	0	0	81	36	21	138
Hjón án barns - Kvótaflóttafólk	41	36	21	35	0	0	18	0	0	94	36	21	151
Pr. barn - Kvótaflóttafólk	4	9	0	3	0	0	1	0	0	8	9	0	17

Forsendur – Félagssráðgjöf

Í flokkinn félagsráðgjöf þá fellur líka virkni úrræði eða önnur aðstoð sem málástjóri metur svo að henti viðkomandi einstaklingi.

Félagsráðgjöf sem er til viðbótar við lögbundna þjónustu sveitarfélagsins er mismunandi fjöldi tíma eftir því hvort um er að ræða einstakling eða hjón. Síðan eru áætlaður ákveðinn fjöldi tíma pr. barn.

Við breytingu á líkaninu þá var tímum í félagsráðgjöf fluttir af ári eitt yfir á ár tvö, auk þess sem aukning var á tímum á ári 2 hjá kvótaflóttafólki, sjá kaflann um breytingar hér framar.

Einstaklingur

Fyrir fullorðinn einstakling er **49/51 viðbótar viðtöl yfir 3ja ára tímabil**, sem áætlað er að taki **78/81 klst. í vinnu** að teknu tilliti undirbúnings og frágangs eftir viðtal. Fremri fjöldinn á við um einstaklinga sem fá alþjóðlega vernd, seinni fjöldinn á við um kvótaflóttafólk.

- Fyrst árið er gert ráð fyrir 19 viðbótar tímum í félagsráðgjöf, alls 33 klst.
- Ár 2 er gert ráð fyrir 18/20 viðbótar tímum, alls 27/30 klst.
- Ár 3 er gert ráð fyrir 12 viðbótar tímum, alls 18 klst.

Gert er ráð fyrir tíma í undirbúning og frágang eftir viðtal og er eðli málsins samkvæmt gefinn lengri tími til undirbúnings og frágangs fyrstu 3 mánuðina.

Hjón

Þegar um hjón er að ræða þá er gert ráð fyrir fleiri tímum í félagsráðgjöf og þá mælt með því að hluti viðtala séu sameiginleg og hluti séu við hvorn aðila fyrir sig.

Fyrir hjón eru **57/59 viðbótar viðtöl yfir 3ja ára tímabil**, sem áætlað er að taki **91/94 klst. í vinnu** að teknu tilliti til undirbúnings og frágangs. Hérna er það málstjóri sem stýrir því hversu mörg viðtöl eru sameiginleg og hversu mörg þeirra eru einstaklingsviðtöl. Og eins og með einstaklingana, þá á fremri fjöldinn við um hjón sem fá alþjóðlega vernd og seinni fjöldinn á við um kvótaflóttafólk.

- Fyrst árið er gert ráð fyrir 24 viðbótar tímum í félagsráðgjöf, alls 41,5 klst.
- Ár 2 er gert ráð fyrir 21/23 viðbótar tímum, alls 31,5/34,5 klst.
- Ár 3 er gert ráð fyrir 12 viðbótar tímum, alls 18 klst.

Hérna er áfram gert er ráð fyrir tíma í undirbúning fyrir og frágang eftir viðtal og er eðli málsins samkvæmt gefinn lengri tími til undirbúnings og frágangs fyrstu 3 mánuðina.

Börn

Ef einstaklingur eða hjón eru með börn þá er mælt til þess að rætt sé sérstaklega við börnin. Áfram er það á hendi málstjóra að ákveða hversu mörg viðtöl eru sameiginleg og hversu mörg eru einstaklingsviðtöl.

Áætlaður er tími pr. barn í félagsráðgjöf er alls 7-8 klst. yfir 3 ár.

Forsendur – Sérstök umsýsla

Haldinn var fundum með félagsráðgjöfum til að lista upp þau atriði sem þyrfti að taka tillit til í sérstakri umsýslu. Listinn yfir þessi atriði er hér á næstu mynd. Einnig var tímaáætlun gerð fyrir hvert atriði.

Síðan er mismunandi hvort þessi atriði eigi við um einstaklinga sem leita eftir alþjóðlegri vernd eða hvort að um kvótaflóttafólk sé að ræða eða börn.

Sérstök umsýsla á aðallega við áður en tekið er á móti flóttafólki og svo á fyrsta mánuðinum eftir móttöku.

Sérstök umsýsla: Sundurliðun og tímaáætlun gerð árið 2020 með félagsráðgjöfum						
Sérstök umsýsla er til viðbótar við viðtöl hjá félagsráðgjafa						
Hvenær framkv.	Sérstök umsýsla umfram viðtöl	Alþjóðleg vernd		Kvótaflóttafólk		
Mán. 1	Mán. 2-24	Ábyrgð	Framkv. aðili	Ábyrgð	Framkv. aðili	
4-10 klst.		Undirbúningur fyrir móttöku	Málstjóri	Málstjóri	Málstjóri	Málstjóri
4,0		Heilbrigðisskoðun			Málstjóri	Málstjóri
	1,0	Útvega sálfræðipjónustu			Málstjóri	Málstjóri
0,5	0,5	Skrá á íslenskunámskeið/samfélagsfræðslu	Málstjóri	Málstjóri	Málstjóri	Málstjóri
0,5	0,5	Skrá á heilsugæslu	Málstjóri	Málstjóri	Málstjóri	Málstjóri
0,5	0,5	Sækja um húsnæðisbætur	Málstjóri	Málstjóri	Málstjóri	Málstjóri
0,5	0,5	Sækja um sérstakan húsnæðisstuðing	Málstjóri	Málstjóri	Málstjóri	Málstjóri
0,5	0,5	Tengja við vinnumálastofnun	Málstjóri	Málstjóri	Málstjóri	Málstjóri
3,0		Skrá hjá útlendingastofnun og sækja dvaraleyfisráðgjöf			Málstjóri	Stuðningur
1,5		Útvega bankareikning			Málstjóri	Stuðningur
2,0	2,0	Fara með til tannlæknis	Málstjóri	Stuðningur	Málstjóri	Stuðningur
2,0		Fara með í sjónskoðun			Málstjóri	Stuðningur
0,5		Tryggja að sé hiti/rafmagn og internet			Málstjóri	Stuðningur
0,5		Útvega símakort			Málstjóri	Stuðningur
0,5		Útvega strætókort			Málstjóri	Stuðningur
2,0		Útvega rafræn skilríki/Íslykil og þjónusta	Málstjóri	Málstjóri	Málstjóri	Málstjóri
2,0		Fylgja eftir í sértæka heilbrigðisspjónustu eftir þörfum			Málstjóri	Stuðningur
			Frá	15,0	Frá	30,0
			Til	19,0	Til	36,0

Einstaklingur eða hjón án barna

Fyrir einstakling eða hjón án barna sem leita eftir **alþjóðlegri vernd** er **sérstök umsýsla áætluð 17 klst.**

Fyrir **kvótaflóttafólk**, einstakling eða hjón án barna er **sérstök umsýsla áætluð frá 36 klst.**

Sérstök umsýsla pr. barn

Alþjóðleg vernd: Sérstök umsýsla pr. barna er 6 klst. **Kvótaflóttafólk:** Sérstök umsýsla pr. barn er 9 klst.

Hvenær framkv.		Sérstök umsýsla vegna barna umfram viðtöl Sundurliðun	Alþjóðleg vernd		Kvótaflóttafólk	
Mán. 1	Mán.2-24		Ábyrgð	Framkv. aðili	Ábyrgð	Framkv. aðili
1,0		Undirbúningur fyrir móttöku	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
1,0		Heilbrigðisskoðun			Málastjóri	Málastjóri
0,5		Skrá börn í leikskóla/grunnskóla	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
0,5		Gera samning um sérkennslu/móðurmálskennslu	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
1,0		Skrá í frístundir	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
3,0		Samráðsfundur með leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
2,0		Útvega grunnpakka fyrir skólann, skólatöskur, pennaveski, íþróttaföt			Málastjóri	Stuðningur
			Samtals	6,0	Samtals	9,0

Forsendur – Húsnæði

Í upphafi þarf að finna húsnæði fyrir flóttafólkið. Kostnaðarlíkanið inniheldur neðangreinda þætti og það eru áætlaðar 21 klst. í þessa vinnu. Það eru 21 klst. alveg óháð því um hvaða fjölskyldustærð og gerð er að ræða.

Hvenær framkv.		Að finna húsnæði og standsetja Sundurliðun	Alþjóðleg vernd		Kvótaflóttafólk	
Mán. 1	Mán.2-24		Ábyrgð	Framkv. aðili	Ábyrgð	Framkv. aðili
18,0		Útvega húsnæði áður en þau koma og húsbúnað	Málastjóri	Stuðningur	Málastjóri	Stuðningur
3,0		Gera húsaleigusamninga og afhenda lykla	Málastjóri	Stuðningur	Málastjóri	Stuðningur
			Samtals	21,0	Samtals	21,0

Uppgjör

Ársfjórðungslega á hvert sveitarfélag að gera uppgjör til að tryggja að það fái greitt skv. þeim fjölda sem er í samræmdri móttöku.

Fylla þarf út fjölda skv. hópum líkansins og þá fjárhæð sem hefur verið nú þegar greidd til sveitarfélagsins, til að fá upplýsingar um hvort það vanti viðbótargreiðslur eða hvort greitt hafi verið umfram.

Tímabil:	2022 Q1
Kostn. á klst.	6.832
Virkar vinnustundir pr. ár	1.872
Þegar greitt	50.000.000
Útreikningur skv. fjölda	51.251.956
+ Til greiðslu / - Umframgreitt	1.251.956

	Ár 1	Ár 2	Ár 3	Samtals
Fjöldi aðila pr. hóp				
Alþjóðleg vernd				
Einstaklingar	30	20	10	60
Hjón*	25	5	3	33
Börn	30	15	10	55
Kvótaflóttafólk				
Einstaklingar	5	10	5	20
Hjón*	6	7	9	22
Börn	20	15	3	38
Fjölskyldusameining				
Fjöldi barna sem kemur eftir**	2	3	1	6
Fjöldi vinnustunda pr. hóp (klst.)				
Alþjóðleg vernd				
Einstaklingar	2.100	540	180	2.820
Hjón*	1.962	158	54	2.174
Börn	270	45	10	325
Kvótaflóttafólk				
Einstaklingar	450	300	90	840
Hjón*	591	242	162	994
Börn	260	45	3	308
Fjölskyldusameining				
Fjöldi barna sem kemur eftir**	27	12	1	40
Fjöldi stöðugilda				
Samtals vinnustundir pr. ár (klst.)	5.660	1.341	500	7.501
Fjöldi stöðugilda pr. ár	3,25	0,77	0,29	4,31